



Framkvæmda- fréttir 11. tbl. /07



Vegur um Öxi (939) styttir mikið leiðina frá Héraði og suður um land. Umferð um hann er því talsverð þegar fært er. Myndin er tekin 3. apríl þegar verið var að lagfæra veginn fyrir páskaumferðina.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, malbik 07-033

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki, á Suðursvæði, árið 2007.

Helstu magntölur eru:

Malbik 3.250 tonn
Útlögn 26.000 m²

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 **miðvikudaginn 2. maí 2007** og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Bakkavörn við Ása-Eldvatn 07-058

Tilboð opnuð 3. apríl 2007. Gerð 100 m langrar bakkavarnar á norðurbakka Ása-Eldvatns neðan við kirkjugarðinn í Ásum. Grjót í grjótvörn skal flokka úr eyri í farvegi árinna. Helstu magntölur eru:

Fylling í varnargarða 700 m³
Grjótvörn 1.500 m³

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	7.420.000	100,0	3.375
3	Framrás ehf., Vík	4.150.000	55,9	105
2	Jökulfell ehf., Höfn	4.098.416	55,2	53
1	Rósaberg ehf., Höfn	4.045.000	54,5	0

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 11. tbl. 15. árg. nr. 465 16. apríl 2007

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), hringtorg við Þingvallaveg (36) 07-056

Tilboð opnuð 3. apríl 2007. Gerð hringtorgs á Hringvegi (1) við Þingvallaveg. Einnig skal færa til lagnir og jarðstrengi á svæðinu og ljúka landmótun.

Helstu magntölur eru:

Skering	15.000 m ³
Burðarlög	10.000 m ³
Fylling	12.000 m ³
Fláafleygar	15.000 m ³
Malbik	21.000 m ²
Hellulögn	450 m ²

Verki skal að fullu lokið 26. júlí 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4	Heimir og Þorgeir hf., Garðabæ	123.173.685	116,2	40.596
---	Áætlaður verktakakostnaður	106.000.000	100,0	23.422
3	Loftorka Reykjavík	91.800.000	86,6	9.222
2	Ístak hf., Reykjavík	89.449.475	84,4	6.872
1	Jarðvélur ehf., Kópavogi	82.577.760	77,9	0

Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, austurhluti, klæðing 07-046

Tilboð opnuð 11. apríl 2007. Yfirlagnir með klæðingu á austurhluta Norðaustursvæðis árið 2007.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir	451.165 m ²
Hjólfaralögn	39.850 m ²
Blettanir	72.000 m ²
Flutningur steinefna	8.445 m ³
Flutningur bindiefna	892 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4	Klæðning ehf., Kópavogi	103.908.600	199,1	60.681
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	67.351.825	129,1	24.125
---	Áætlaður verktakakostnaður	52.190.000	100,0	8.963
2	Slitlag ehf., Hellu, Kópavogi	43.994.950	84,3	768
1	Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum	43.227.293	82,8	0

Hringvegur (1) um Hellu,

1. áfangi 07-023

Tilboð opnuð 3. apríl 2007. Gerð hringtorgs á Hringvegi (1) við Hellu. Um er ræða gerð hringtorgs, minniháttar færslu Hringvegarins ásamt öðrum veltengingum og færslu lagna.

Helstu magntölur eru:

Skering	7.000 m ³
Fylling	2.500 m ³
Neðra burðarlag	2.500 m ³
Efra burðarlag	860 m ³
Klæðing	2.000 m ²
Malbik	2.700 m ²
Kantsteinar	720 m
Hellulögn	270 m ²
Hitaveitufærsla	375 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	43.840.000	100,0	13.513
6	Vélgrafan ehf., Selfossi	39.991.100	91,2	9.664
5	Slitlag ehf., Hellu	38.939.000	88,8	8.612
4	Eining sf., Hvolsvelli	38.509.300	87,8	8.183
3	Grafvélur ehf., Hellu	35.383.750	80,7	5.057
2	Heflun ehf., Hellu	33.341.970	76,1	3.015
1	Þjótandi ehf., Hellu	30.326.750	69,2	0

Djúpvegur (61),

Eyri – Svansvík 07-006

Tilboð opnuð 3. apríl 2007. Endurbýgging 10,08 km kafla Djúpvegar (61) í vestanverðum Ísafirði í Ísafjarðarsýslu.

Verkið nær frá slitlagsenda á Eyrrahlíð að slitlagsenda við Svörtukletta út undir Svansvík í Súðavíkurbreppi.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	92.000 m ³
Fylling og fláafleygar	146.000 m ³
Neðra burðarlag	42.000 m ³
Efra burðarlag	17.000 m ³
Tvöföld klæðing	74.000 m ²
Bitavegríð	7.600 m
Mölun	20.000 m ³

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	306.299.200	100,0	98.421
2	Vélgrafan ehf. og Borgarvirki ehf.	276.131.500	90,2	68.254
1	KNH ehf., Ísafirði	207.877.855	67,9	0



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 9. apríl 2007. Búið er að sprengja 1.277 m í Siglufirði og 1.139 m í Ólafsfirði.

Þverárfjallsvegur (744)



Þverárfjallsvegur (744) sunnan við vegamót við Skagaveg (745). Síðasti kafli vegarins sem eftir á að byggja upp.

Náðst hefur samkomulag um magnaukningu í vegagerð á Þverárfjallsvegi sem þýðir að lokið verður við uppbyggingu vegarins í þessum áfanga. Upphaflegi útboðskaflinn er 12,4 km og er 3 km bætt við. Samtals er verkið því nú 15,4 km. Að verki loknu verður komið bundið slitlag á allan veginn frá

Sauðárkróki að Skagastrandarvegi (74) og eftir honum til Blönduóss. Það eru Skagfirskir verktakar á Sauðárkróki sem þarna eru að störfum. Samkvæmt verksamningi skal verki vera lokið 1. ágúst 2008 en verktakinn stefnir að lagningu bundins slitlags næsta haust.

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1) um Selfoss, breikkun hringtorgs 07-027

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í breikkun hringtorgs á Hringvegi (1) við Ölfusárbrú á Selfossi. Um er ræða breikkun hringtorgs og lagfæringar á Austurvegi (Suðurlandsvegi) og Eyrarvegi (Eyrarbakkavegi) út frá hringtorgi.

Helstu magntölur eru:

Skering.....	1.000 m ³
Burðarlög.....	680 m ³
Malbik.....	4.980 m ²
Kantsteinar.....	480 m
Hellulögn.....	395 m ²
Gróffræsun.....	2.760 m ²
Niðurföll.....	17 stk.
Götulýsing.....	10 stk.

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2007.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 krónur.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 **miðvikudaginn** 2. maí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Snæfellsnesvegur (54) um Hítará 06-027

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð vegar beggja megin nýrrar brúar á Hítará sem byggð verður sumarið 2007. Lengd vegar er um 1,4 km, breidd 7,5 m.

Helstu magntölur eru:

Fylling.....	10.300 m ³
Skering.....	6.300 m ³
Neðra burðarlag.....	4.000 m ³
Efra burðarlag.....	2.400 m ³
Tvöföld klæðing.....	11.000 m ²
Fláafleygar.....	1.500 m ³
Frágangur fláa.....	20.000 m ²
Frágangur svæða við hlið vegar.....	10.500 m ²
Girðingar.....	1.500 m
Vegrið.....	264 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 **miðvikudaginn** 2. maí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Samtals er búið að sprengja 2.416 m sem er 22,9% af heildarlengd.



**Akranesvegur (509),
Esjubraut – Kalmansbraut**
Yfirlit framkvæmda, sjá auglýsingu.



Auglýsingar útboða

Akranesvegur (509), Esjubraut – Kalmansbraut 07-001

Vegagerðin, í samvinnu við Akraneskaupstað og Orkuveituna, óskar eftir tilboðum í að endurbyggja Akranesveg, á u.þ.b. 1 km kafla, milli Esjubrautar og Kalmansbrautar. Gera skal þrjú vegamót, þar af tvö hringtorg. Einnig skal færa til lagnir og jarðstrengi á svæðinu.


Helstu magntölur eru:

Skering	80.000 m ³
Burðarlög	15.200 m ³
Fylling	65.000 m ³
Fláafleygar	18.500 m ³
Malbik	15.000 m ²
Hellulögn	1.300 m ²
Hitaveitulagnir	350 m

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðarinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8.mái 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta í Vestur-Skaftafellssýslu 2007-2012, austurhluti 07-032

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvörn með vörubifreiðum, innan ramma marksamnings, á eftirfarandi leiðum:

- 1 Hringvegur (1) frá sýslumörkum á Skeiðarársandi að Klausturvegi (205) og Klausturvegur (205) frá Hringvegi (1) að Klaustri, alls 43 km
- 2 Hringvegur (1) frá Klausturvegi (205) að Álftaversvegi (211), alls 38 km
- 3 Meðallandsvegur (204) frá Hringvegi (1) að Fossum, alls 13 km
- 4 Skaftártunguvegur (208) frá Hringvegi (1) að Hrífunesvegi, alls 5 km
- 5 Hrífunesvegur (209) frá Flögu að Skaftártunguvegi (208), alls 3 km

Verktími er frá 1. október 2007 til 30. apríl 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 **miðvikudaginn** 2. maí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Drangnesvegur (645), Strandavegur – Reykjarnes 06-073

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn Drangnesvegur (645) um Selströnd í Steingrímsfirði í Kaldrananeshreppi ásamt gerð tilheyrandi tenginga. Vegarkafllinn er alls 7,58 km, milli Hálsstötu og heimreiðar að Kleifum á Reykjarnesi. Verkinu er ekki skipt í áfanga.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	4.800 m ³
Efnisvinnsla	17.500 m ³
Neðra burðarlag	6.000 m ³
Efra burðarlag	11.300 m ³
Klæðing	49.500 m ²
Frágangur fláa	61.200 m ³
Rofvarnir	3.000 m ³

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2007. Þó skal útlögn klæðingar að fullu lokið 1. september 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 **miðvikudaginn** 2. maí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Norðausturvegur (85),

Presthólar – Kópasker 07-015

Tilboð opnuð 3. apríl 2007. Endurbygging Norðausturvegar (85) á um 5,2 km kafla frá Magnavíkurási að slitlagsenda við Brekku.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	11.300 m ³
Fylling og fláafleygar	47.700 m ³
Neðra burðarlag	24.600 m ³
Efra burðarlag	8.800 m ³
Stálroraræsi	205 m
Tvöföld klæðing	39.400 m ²
Frágangur fláa	75.800 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. september 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Vökvapjónusta Kópaskers ehf.	115.099.500	116,6	34.930
4	Icefox ehf.	113.302.500	114,8	33.133
---	Áætlaður verktakakostnaður	98.700.000	100,0	18.530
3	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	89.405.000	90,6	9.235
2	B.J. vinnuvélar ehf., Þórshöfn	88.880.871	90,1	8.711
1	Ístrukkur ehf. og Sandöx ehf.	80.170.000	81,2	0

Hringvegur (1) Vegagerð í Norðurárdal í Skagafirði í apríl. Stokkur fyrir Króká en einnig felst í verkinu stokkur fyrir Kotá og 61 m löng brú á Norðurá. Lengd vegar er 14,4 km Verktaki er Héraðsverk ehf. á Egilsstöðum. Verki á að vera lokið 1. nóvember 2007.

Núverandi vegur, sem verður lagður af, er fremur mjór með fjórum einbreiðum og lélegum brúm. Á honum eru einnig blindhæðir og blindbeygur. Slys hafa verið algeng og slæm á þessum kafla svo nýr vegur mun auka umferðaröryggi til muna.

Efnisvinnsla

á Suðursvæði 2007 07-025

Tilboð opnuð 11. apríl 2007. Vinnsla steinefna á Suðursvæði árið 2007.

Helstu magntölur eru:

Efra burðarlag	10.000 m ³
Malarslitlag	18.000 m ³
Klæðingarefni	10.000 m ³

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	42.274.000	100,0	5.658
1	Fossvélar ehf., Selfossi	36.616.000	86,6	0

Auglýsingar útboða

Skagafjarðarvegur (752),

Héraðsdalsvegur – Svartá 06-026

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í lögn Skagafjarðarvegur, 3,2 km kafla, frá Héraðsdalsvegi að Svartá.

Vegurinn skal vera 6,5 m breiður með bundnu slitlagi. Þá er einnig um að ræða lögn 37 m stálplöturæsis í Mælifellsá.

Helstu magntölur eru:

Skering	9.650 m ³
Fylling	17.150 m ³
Neðra burðarlag	7.800 m ³
Efra burðarlag	4.800 m ³
Tvöföld klæðing	21.700 m ²
Fláafleygar	2.200 m ³
Frágangur fláa	35.150 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. apríl 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 **miðvikudaginn** 2. maí 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-057 Vetrarþjónusta, Reykjanes - Bolungarvík, 2007-2010	07
07-049 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Öxnadalshéiði	07
07-050 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suður-Pingeyjarsýsla	07
07-051 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norður-Pingeyjarsýsla	07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	07
07-054 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Firðir	07
07-055 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hornafjörður	07
07-048 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008	07
07-045 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2007, norðurhluti	07
07-042 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, malbik	07
07-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2007-2008	07
07-041 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, repave	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrékka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmurkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-028 Meðallandsvegur (204), Grenlækur - Fossar	07
07-034 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, klæðing	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottáskriður	07
07-016 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalssvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:	
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07	
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-073 Drangsnisvegur (645), Strandavegur - Reykjarnes	16.04.07	02.05.07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	16.04.07	02.05.07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), Héraðsdalsvegur - Svartá	16.04.07	02.05.07
07-001 Akranesvegur (509), Esjubraut - Kalmansbraut	16.04.07	08.05.07
07-033 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, malbik	16.04.07	02.05.07
07-032 Vetrarþjónusta í Vestur-Skafta-fellssýslu 2007-2012, austurhluti	16.04.07	02.05.07
07-027 Hringvegur (1) um Selfoss breikkun hringtorgs	16.04.07	02.05.07
07-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, norðurhluti, klæðing	02.04.07	17.04.07
07-022 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2007	02.04.07	17.04.07
07-029 Vetrarþjónusta í Vestur-Skafta-fellssýslu 2007-2012, vesturhluti	02.04.07	17.04.07
07-059 Yfirborðsmerkingar, vegmálun, 2007-2010	02.04.07	17.04.07
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
07-025 Efnisvinnsla Suðursvæði 2007	26.03.07	11.04.07
07-046 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, austurhluti, klæðing	26.03.07	11.04.07
07-006 Djúpvegur (61), Eyri - Svansvík	19.03.07	03.04.07
07-023 Hringvegur (1) um Hellu, 1. áfangi	19.03.07	03.04.07
07-058 Bakkavörn við Ása-Eldvatn	19.03.07	03.04.07
07-056 Hringvegur (1), hringtorg við Þingvallaveg (36)	19.03.07	03.04.07
07-015 Norðausturvegur (85), Presthólar - Kópasker	19.03.07	03.04.07
07-024 Gaulverjabæjarvegur (33), Félagslundur - Skipar	12.03.07	27.03.07
07-036 Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar	05.03.07	20.03.07
07-043 Efnisvinnsla Norðaustursvæði, 2007, austurhluti	05.03.07	20.03.07
07-044 Sundagöng, borun rannsóknarhola	05.03.07	20.03.07
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	19.02.07	20.03.07
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
07-007 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg Jörvi ehf.	20.02.07	29.03.07
07-020 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007 og 2008, vesturhluti Borgarverk ehf.	06.03.07	30.03.07
07-021 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007-2008, norðurhluti Borgarverk ehf.	20.03.07	30.03.07
07-013 Vetrarþjónusta, Borgarnes - Hvalfjarðargöng 2007-2010 Borgarverk ehf.	27.03.07	29.03.07